

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 203/2018**

2021/EES/15/31

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/712 frá 20. apríl 2017 um að ákvarða viðmiðunarár og áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18yd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18ye. **32017 R 0712**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/712 frá 20. apríl 2017 um að ákvarða viðmiðunarár og áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 (Stjtíð. ESB L 105, 21.4.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/712, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 105, 21.4.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.